

Þeir menn, sem einna mesta eftirtekt velkja, þegar hér er komið sögunni eða réttara sagt innganginum, því að sjálf mannkynssagan er naumast byrjuð ennþá eru ofauðungarnir ameríksku. Efnid í þessum mönnum er óæfað oft svipað og i fyrri mönnum þeim er brutust til ríkja, drektu allri mótsprunu í blöði og stofnuðu konunga- og höfðingaættir. Því að styrjaldir, með öllum þeim hörmungum sem þeim fylgdu, hafa eigi aðeins verið fyrri þjóðhöfðingum til skemtunar, heldur fyrst og fremst gróðafyrirtæki. Cæsar og Napóleon — svo að eg nefni efstu tindana — urðu þúsundum þúsunda að bana og ollu óumræðilegum hörmungum, aðeins til þess að Cæsar og Napóleon gæti orðið auðugur og voldugur. Nú geta öflugir menn, sem eru glöggskyggir á hvað þeim horfir til fjárafla, og hafa ekkert annað fyrir augum, grætt ógrynni fjár án þess það þurfi að kosta þessa strauma af mannablöði. Að vísu hófu Rússar styrjöldina miklu við Japana, þar sem 500 000 manna létu líf, fyrst og fremst til þess að stórfurstarnir og aðrir rússneskir ofauðungar gætu aukið við auð þinn; og 100 000 Englethinga létu líf og heilsu i Búastríðinu, að minnsta kosti meðfram af því að enskir ofauðungar, einkum af Ísraels ætt, vildu fyrir hvern mun auka eignir sínar með því að ná undir sig gullnánum Búa. En þetta eru þó undantekningar og vanalega nægja ofauðungunum friðsamleg rán; og þó að við og við skjóti sig maður, sem hefir við einlvern gróðahnykk fjáraflahákarlanna komist á vonarvöl, þá er það mannfall auðvitað litið hjá því, sem í styrjöldum verður.

Hvað mikið þessum mönnum getur orðið. Ágengt sýnir bezt J. D. Rockefeller, „steinoliukongurinn“. Hann hefir á einum mannsaldri safnað sér meiri auðæfum en keisarar Rússlands og Austurrikis til samans og er þó hjá þeim samankomið fjársafn fjölda af kynslóðum. Mikian hluta heimsins hefir Rocketeller gert sér skattskyldan, og nokkrir af þeim aurum sem vér ofborgum með hvern steinoliupott, eru dropar í það haf, sem eru tekjur steinollukongsins.

Andrew Carnegie er nú raunar ekki eins auðugur og Rockefeller og jafnvel Rússakeisari kvað, einn af þjóðhöfðingjunum, vera nokkru efnaðri en Carnegie. En þó er „stálkonungurinn“ sennilega sá af ofauðungum þessara tíma, sem oftast er nefndur. Carnegie vill vera rithöfundur og hefir auðvitað hlotið mikið lof; það mætti vera lélegt sem ekki þætti lofsvert hjá þeim rithöfundi, sem hefir framundir 150 þúsund kr. í tekjur á degi hverjum. Því verður nú heldur ekki neitað að ýmislegt af því, sem Carnegie segir, er gott, og meira að segja himinhrópandi sannleikur, einsog það, að sá sem vill áfram í heiminum megi ekki neyta áfengis, og að það sé óvarlegt að ábyrgjast lántökur kunningja sина o. s. frv. En þetta er efni, þar sem mönnum er síður vits vant en frarkvæmdar, og það eru ekki slik spakmæli, sem gera rit og ræður Carnegies svo eftirtektarverðar, heldur undiraldan í þeim. Tilgangurinn er svo auðsær, og hann er sá að sýna að vel megi ofauðungarnir öfundlausir vera, því að bæði séu það beztu og þörfstu menn, og ekki sé orð gerandi á þeim lífsgæðum, sem auðurinn afli þeim. Að vísu geti þeir étið góðan mat en þar sé nú bezt að ofgera ekki, ef vel eigi að fara; þeir geti lika drukkið dýrindis vin; en ekki sé það nú heldur nema í meðallagi holt. Svo geti þeir haft dálitið skemtilegri húskynni en almenningur. Til dæmis um það nefnir Carnegie nú ekki E. Schwab einn af aðalmönnum í stálfelaginu, sem ekki er heldur von. Schwab hefir nýlega látið gera sér iveruhús, sem kostar framundir 40 milj. króna, eða álika og alþjóðareign Íslands, þessi þjóðareign, sem ekki kvað hafa getað aukist af því að farfuglarnir okkar — og alt það kyn — hefir grætt svo mikið á landinu. Þykir mjer sumt ótrúlegra en það. En það er af Schwab að segja, að hann hefir lýst því yfir, að hann muni gefa bænum New York húsið dýra eftir sinn dag; hygst hann þá fremur munu njóta þess öfundlaus meðan hann lifir og lengur þarf hann þess ekki við.

Fræg eru lofsyrði Carnegies um fátæktna, en frægust þó þau ummæli hans, að sá sem deyr auðugur hafi lisað sér til svívírðingar (eða deyi svívírtur). Það er og sannast, að Carnegie hefir gefið of fjár til bókasafna og annars, en þó eru fremur óvænlegar horsur um það, að harn deyi fátækur og ósvívírtur, því að á síðstu 8 árum er sagt að eignir hans hafi -- þrátt fyrir allar gjafir — aukist um rúmar 200 miljónir króna, en Carnegie kominn fast að sjötugu. W. T. Stead, guðs og auðmannu vinur hefir spáð Carnegie því að hann muni verða níræður, og ætti því að vera langur gjafatimi eftir enn; en tekjur hans eru svo afskaplegar að stálkongurinn mun ekki tremur tæma fésjóði sína, heldur en Þór tæmdi forðum hornið mikla hjá Útgarðaloka; og raunar hygg eg nú að Carnegie sé talsvert minni alvara en Þór var.

Trúmaður virðist Carnegie enginn vera að öðru leyti en því, að hann trúir á miljónir sínar. En flestir aðrir ofauðungar eru trúmenn miklir. Ekki svo að skilja, að þeir trúi á framfarir maunkynsins, einhvern hulinн en gleðilegan tilgang alls heimsins, eða þá einsog Tennyson segir (með orðum Matt-hiasar): „að bætist tár og banaspjót, að bætist því sem leið og dó!“ heldur trúua þeir á alt það, sem hinir betri kennimenn eru nú farnir að láta liggja í þagnargildi, af því að þeir sjá að það er úrelt og skaðar málezni trúarinnar. Að þeir trúua á Mammon og elsku hann um alla hluti fram, einsog Carnegie, þarf varla að taka fram, en þeir trúua líka á Jéhóva. Rockefeller yngri kvað halda bibliufyrirlestur einusinni í viku, og líkt er sagt um fleiri. Það væri gaman að heyra hann einhverntima skýra orðin: „fyr mun úlfaldi komast í gegnum nálarauge en auðugur maður í himnariki“, en það er þó liklegt, að manni mundi ekki veitast sú ánægja þótt viðstaddir væri, og að hanu mundi fremur sneiða hjá þeim.

Merkilegt er það annars, að nú á timum eru það einkum auðmennirnir, sem hata hátt um það að þeir „elski Jesúm“. Það er alkunnugt að hin mikla trúahreyfing síðustu áranna er runnin ofan að, frá efstu og auðugustu stéttum mannfélagsins, einsog trú- aðarhreyfinginu snemma á oldinni sem leið. En kristin trú er upphaflega komin hina leiðina, eins og menn vita enn þá betur. Og guðspjöllin fara ekki dult með það, að Jesús frá Nasaret hataði auðmenn; sjá setninguna um, úlfaldann og dæmisöguna um hinn rika og hinn fátæka. Ríki maðurinn i guðspjall-

iniu lofar fátækum að fá mola af borðum sínum og er þannig mjög góðgjörðasamur á auðmanuavisu; til fulls sýnir hann ekki hvílikur ágætismaður hann er, fyrr en hann er í helviti og kvölunum. Miklar kvalir útrýma hjá langflestum öllu öðru úr meðvitundi; það er satt, afarmennið Skarphéðinn hefir hugsun á því þótt hann brenni í eldi, að forða öxi sinni frá að digna, svo að hún geti bitið banamenn hans; en hinn ríki maður hefir í kvölunum hugsun á því að reyna að verða örðum til góðs. Og þó álitur hinn sæli Abraham hann ekki þess verðan að fá einn vatnsdropa á skrælnaða tunguna. Það sem steypir rika manninum til helvitis, svo góður drengur sem hann er, virðist ekki vera neitt annað en það að hann er ríkur. — Og hvað nun þá verða um Rockefeller!

Mörgum stendur mjög mikill stuggur af ofauðungunum amerísku og hyggja að þeir muni breyta Bandaríkjunum í nokkurskonar Rússland, og að sú breyting sé jafnvæl komin vel á veg; en auðvitað yrði það ekki gamla Rússland nákvæmlega upp aftur, því að ekkert sem ber við undir sólunni er nákvæm endurtekning á því, sem áður hefir verið. Yrði sú breyting til ills, svo viða sem lönd eru bygð, og til tafar mannkyninu á framfara-brautinni. Til ills yrði það lika fyrir ofauðungana sjálfa fyrri eda síðar og er hætt við að ýmsir þeirra mundu fljúga í loft upp í mörgum pörtum eins og hent hefir suma rússneska stórfursta, þegar likingin með þeim væri orðin enn þá meiri.

Símskeyti segja, að flokkur Rooseveltsls forseta hafi gengið mjög saman við kosningar síðast; eru það ill tilindi, því að Roosevelt hefir mjög viljað halda í hemilinn á hinum ameríksku stórfurstum Mammons.

Helgi Pjetursson.

Kögunarhóll.

Porsteinn Erlingsson og aðrir hafa bent mér á, að orðið Kögunarhóll sé ekki neitt úr lagi fært, leitt af „að kaga“. Eg hefi — í sambandi við rannsóknir mínar á landinu — gert mér nokkuð far um að skilja örnefni, einkum að því leyti, sem þau eru náttúrulýsingar, og og hefir það vilt mig hér; því að Kögunarhóll